



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 17. nóvember 1986.

113. fundur

skólanefndar F.S. var haldinn 22. október 1986.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari, Ingimundur Þ. Guðmundsson, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson og Guðmundur Karl Brynjarsson, fulltúi nemenda.

1. Fundur var settur kl. 10 á skrifstofu skólameistara. Að því búnu héldu fundarmenn að verknámshúsunum við Iðavelli, skoðuðu þar aðstæður og ræddu við kennara. Síðan var bóknámshúsið skoðað með sama hætti.
2. Kennarafundur var settur kl. 11:30 með ávarpi skólameistara en síðan tók formaður skólanefndar til máls og skýrði meginstefnu skólanefndarmanna varðandi F.S. Að framsögu lokinni var orðið gefið laust. Fram komu margar fyrirspurnir og ábendingar frá kennurum. Reyndu skólanefndarmenn og skólameistari að svara þeim eftir föngum.

Að loknum hádegisverði á kennarastofu var fundi slitið en fram hafði komið ánægja kennara með heimsókn skólanefndar.

Hjálmar Arnason skráði.